

92

5. okt.

AUGLÝSING

um aðild Íslands að samningi um Efnahags- og framfarastofnunina (O.E.C.D.).

Samningurinn um Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í París hinn 14. desember 1960 og fullgiltur af forseta Íslands hinn 28. apríl 1961, gekk í gildi hinn 30. september 1961.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. október 1961.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR UM EFNAHAGS- OG
FRAMFARASTOFNUNINA.**

Ríkisstjórnir lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Belgíu, Kanada, konungsríkisins Danmerkur, franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, konungsríkisins Grikklands, lýðveldisins Íslands, Írlands, ítalska lýðveldisins, stórhertogadæmisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, konungsríkisins Noregs, portúgalska lýðveldisins, Spánar, konungsríkisins Svíþjóðar, svissneska sambandsins, tyrkneska lýðveldisins, hins sameinaða konungdæmis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, og Bandaríkja Norður-Ameríku:

Eru þeirrar skoðunar, að efnahagslegur styrkur og velmegun séu skilyrði fyrir því, að ná megi markmiðum Sameinuðu þjóðanna, varðveizlu einstaklingsfrelsis og aukinni almenntri velmegun;

Telja, að þær geti með beztum árangri stuðlað að þessum takmörkum með því að styrkja þá erfdævenju samvinnu, sem þróast hefur með þeim;

Viðurkenna, að sú efnahagslega viðreisn og framfarir, sem orðið hafa í Evrópu, og aðild þeirra að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu hefur átt verulegan þátt í, hafa opnað nýja möguleika á að

**CONVENTION ON THE ORGANISATION
FOR ECONOMIC CO-OPERATION
AND DEVELOPMENT.**

The governments of the Republic of Austria, the Kingdom of Belgium, Canada, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Kingdom of Greece, the Republic of Iceland, Ireland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, Spain, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation, the Turkish Republic, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, and the United States of America;

Considering that economic strength and prosperity are essential for the attainment of the purposes of the United Nations, the preservation of individual liberty and the increase of general well-being;

Believing that they can further these aims most effectively by strengthening the tradition of co-operation which has evolved among them;

Recognising that the economic recovery and progress of Europe to which their participation in the Organisation for European Economic Co-operation has made a major contribution, have opened

styrkja það starf og beina því að nýjum verkefnum og viðtækari markmiðum;

Eru sannfærðar um, að viðtækari samvinna mun vera lífsnauðsynlegt framlag til friðsamlegra og samstilltra samskipta þjóða heims;

Viðurkenna, að efnahagskerfi þeirra verða hvert öðru háðara eftir því sem tímar líða;

Eru ráðnar í að nota, með viðræðum og samvinnu, á árangursríkari hátt getu sína og möguleika í því augnamiði að koma á þeim mesta vexti hagkerfa sinna, sem hægt er að halda við, og bæta efnahagslega og félagslega velmegun þjóða sinna;

Telja, að þær þjóðir, sem lengra eru á veg komnar í efnahagsmálum, eigi að hafa samvinnu um að aðstoða eftir beztu getu þau lönd, sem skemmra eru á veg kominn;

Viðurkenna, að frekari vöxtur heimsviðskipta er eitt veigamesta atriðið, er stuðlar að efnahagsþróun landa og bættum alþjóðlegum efnahagssamskiptum; og

Eru ákveðnar í að leita þessara markmiða á þann hátt, er samrýmist skuldbindingum þeirra við önnur alþjóðleg samtök og stofnanir, sem þær eru aðilar að, eða samkvæmt samningum, sem þær eru aðilar að;

Og hafa því orðið ásatтар um eftirfarandi ákvæði um að endurskipuleggja Efnahagssamvinnustofnun Evrópu og breyta henni í Efnahags- og framfarastofnunina:

1. gr.

Markmið Efnahags- og framfarastofnunarinnar (hér eftir kölluð „stofnunin“) skal vera að stuðla að þeim markmiðum, sem tilgreind eru:

a) að ná mesta hagvexti, sem við verður haldið, og nægri atvinnu og batnandi lífskjörum í aðildarríkjunum, jafnframt því að haldið sé fjárhagslegu jafnvægi, og leggja þannig fram skerf til þróunar efnahagslífs heimsins;

b) að stuðla að heilbrigðri efnahags-

new perspectives for strengthening that tradition and applying it to new tasks and broader objectives;

Convinced that broader co-operation will make a vital contribution to peaceful and harmonious relations among the peoples of the world;

Recognising the increasing interdependence of their economies;

Determined by consultation and co-operation to use more effectively their capacities and potentialities so as to promote the highest sustainable growth of their economies and improve the economic and social well-being of their peoples;

Believing that the economically more advanced nations should co-operate in assisting to the best of their ability the countries in process of economic development;

Recognising that the further expansion of world trade is one of the most important factors favouring the economic development of countries and the improvement of international economic relations; and

Determined to pursue these purposes in a manner consistent with their obligations in other international organisations or institutions in which they participate or under agreements to which they are a party;

Have therefore agreed on the following provisions for the reconstitution of the Organisation for European Economic Co-operation as the Organisation for Economic Co-operation and Development:

Article 1

The aims of the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „Organisation“) shall be to promote policies designed:

a) to achieve the highest sustainable economic growth and employment and a rising standard of living in Member countries, while maintaining financial stability, and thus to contribute to the development of the world economy;

b) to contribute to sound economic

- 92** legri útbenslu jafnt í aðildarríkjum sem
 5. okt. þeim, er ekki eru aðilar, en skemmra eru á veg komin; og
 c) að stuðla að aukningu viðskipta í heiminum á marghliða grundvelli og án mismununar í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.

2. gr.

Til þess að ná þessum markmiðum samþykkja félagsríki, að þau skuli hvert um sig og sameiginlega:

- a) stuðla að hagkvæmri notkun auðsældar landanna;
 b) á sviði vísinda og tækni stuðla að þróun möguleika sinna, hvetja til rannsóknna og stuðla að iðnfræðslu;

c) fylgja stefnu, er miði að því að ná efnahagslegum vexti og innra og ytra fjárhagsjafnvægi og forðast þróun, er kynni að stofna í hættu hagkerfum þeirra eða hagkerfum annarra þjóða;

d) halda áfram aðgerðum sínum til að draga úr eða afnema takmarkanir á skiptum varnings og þjónustu og greiðslum og viðhalda og auka frjálsa hreyfingu fjármagns; og

e) stuðla að efnahagsþróun, bæði aðildarríkja og ríkja utan stofnunarinnar, sem skemmra eru á veg komin, með viðeigandi aðferðum og einkum með flutningi fjármagns til þeirra landa með tilliti til þess, hve veigamikil er fyrir efnahagslíf þeirra að fá tækniaðstoð og tryggja vaxandi útflutningsmarkaði.

3. gr.

Í þeim tilgangi að ná þeim markmiðum, sem fram eru sett í 1. grein, og uppfylla þær skuldbindingar, sem felast í 2. grein, samþykkja aðildarríkin, að þau skuli:

a) láta hvert öðru í té upplýsingar og veita stofnuninni þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að hún geti sinnt ætlunarverkum sínum;

b) hafa að staðaldri samráð, framkvæma rannsóknir og taka þátt í verkefnum, sem samkomulag er um; og

c) hafa nána samvinnu og grípa til samræmdra aðgerða, þar sem þess er þörf.

expansion in Member as well as non-member countries in the process of economic development; and

c) to contribute to the expansion of world trade on a multilateral, non-discriminatory basis in accordance with international obligations.

Article 2

In the pursuit of these aims, the Members agree that they will, both individually and jointly:

a) promote the efficient use of their economic resources;

b) in the scientific and technological field, promote the development of their resources, encourage research and promote vocational training;

c) pursue policies designed to achieve economic growth and internal and external financial stability and to avoid developments which might endanger their economies or those of other countries;

d) pursue their efforts to reduce or abolish obstacles to the exchange of goods and services and current payments and maintain and extend the liberalisation of capital movements; and

e) contribute to the economic development of both Member and non-member countries in the process of economic development by appropriate means and, in particular, by the flow of capital to those countries, having regard to the importance to their economies of receiving technical assistance and of securing expanding export markets.

Article 3

With a view to achieving the aims set out in Article 1 and to fulfilling the undertakings contained in Article 2, the Members agree that they will:

a) keep each other informed and furnish the Organisation with the information necessary for the accomplishment of its tasks;

b) consult together on a continuing basis, carry out studies and participate in agreed projects; and

c) co-operate closely and where appropriate take co-ordinated action.

4. gr.

Aðilar að samningi þessum skulu vera meðlimir stofnunarinnar.

5. gr.

Til þess að ná markmiðum sínum má stofnunin:

a) taka ákvarðanir, sem skulu vera bindandi fyrir öll félagsríkin, nema öðru vísi sé ákveðið;

b) beina tillögum til aðildarríkja; og

c) gera samninga við aðildarríki, ríki utan stofnunarinnar og alþjóðlegar stofnanir.

6. gr.

1. Ákvarðanir skulu teknar og tillögur gerðar með gagnkvæmu samþykki allra aðildarríkja, nema stofnunin ákveði annað einróma í sérstökum málum.

2. Hvert aðildarríki skal hafa eitt atkvæði. Nú situr aðildarríki hjá við atkvæðagreiðslu um ákvörðun eða tillögu og skal þá slík hjáseta eigi gera ákvörðunina eða tillöguna ógilda, enda skal hún taka til annarra aðildarríkja, en ekki þess, er hjá sat.

3. Engin ákvörðun skal vera bindandi fyrir neitt aðildarríki, fyrr en það hefur farið eftir ákvæðum stjórnskipunarlags sinna. Hin aðildarríkin mega samþykkja, að slík ákvörðun taki til bráðabirgða með skilyrðum til þeirra.

7. gr.

Allar aðgerðir stofnunarinnar skulu gerðar af ráði, sem skipað sé fulltrúum allra aðildarríkja, er að stofnuninni standa. Ráðið skal halda fundi sem ráðherranefnd eða nefnd fastafulltrúa.

8. gr.

Ráðið skal á hverju ári kjósa forseta, er skal vera í forsæti á ráðherrafundum þess, og tvo varaforseta. Heimilt er að endurkjósa forsetann til að sitja eitt ár til viðbótar.

9. gr.

Ráðið má stofna framkvæmdanefnd og þær undirnefndir, er þurfa þykir, til að koma fram markmiðum stofnunarinnar.

Article 4

The Contracting Parties to this Convention shall be Members of the Organisation.

Article 5

In order to achieve its aims, the Organisation may:

a) take decisions which, except as otherwise provided, shall be binding on all the Members;

b) make recommendations to Members; and

c) enter into agreements with Members, non-member States and international organisations.

Article 6

1. Unless the Organisation otherwise agrees unanimously for special cases, decisions shall be taken and recommendations shall be made by mutual agreement of all the Members.

2. Each Member shall have one vote. If a Member abstains from voting on a decision or recommendation, such abstention shall not invalidate the decision or recommendation, which shall be applicable to the other Members but not to the abstaining Member.

3. No decision shall be binding on any Member until it has complied with the requirements of its own constitutional procedures. The other Members may agree that such a decision shall apply provisionally to them.

Article 7

A Council composed of all the Members shall be the body from which all acts of the Organisation derive. The Council may meet in sessions of Ministers or of Permanent Representatives.

Article 8

The Council shall designate each year a Chairman, who shall preside at its ministerial sessions, and two Vice-Chairmen. The Chairman may be designated to serve one additional consecutive term.

Article 9

The Council may establish an Executive Committee and such subsidiary bodies as may be required for the achievement of the aims of the Organisation.

92

10. gr.

5. okt. 1. Framkvæmdastjóri, ábyrgur gagnvart ráðinu, skal skipaður af ráðinu til fimm ára í senn. Honum til aðstoðar skulu vera einn eða fleiri varaframkvæmdastjórar eða aðstoðarframkvæmdastjórar, sem skipaðir séu af ráðinu samkvæmt tillögum framkvæmdastjórans.

2. Framkvæmdastjórinn skal vera í forsæti, er fastafulltrúar halda fundi í ráðinu. Hann skal aðstoða ráðið á allan tiltækilegan hátt og má gera tillögur til ráðsins eða hvernar annarrar nefndar stofnunarinnar.

11. gr.

1. Framkvæmdastjórinn skal skipa það starfslið, sem stofnunin kann að þarfnast, í samræmi við áætlanir um skipulagningu, sem ráðið hefur staðfest. Starfsmannareglur skulu háðar samþykki ráðsins.

2. Með tilliti til alþjóðlegs eðlis stofnunarinnar, skulu framkvæmdastjóri, vara- eða aðstoðarframkvæmdastjórar og starfslið hvorki óska eftir né taka við fyrir- mælum frá nokkrum aðila að stofnuninni eða frá nokkurri ríkisstjórn eða yfirvaldi utan stofnunarinnar.

12. gr.

Samkvæmt þeim skilmálum eða skilyrðum, sem ráðið kann að ákveða, má stofnunin:

a) eigi hafa skipti við ríki eða stofnanir, sem ekki eru aðilar;

b) koma á fót og viðhalda samskiptum við ríki og stofnanir, sem ekki eru aðilar; og

c) bjóða ríkisstjórnnum eða stofnunum, sem ekki eru aðilar, að taka þátt í starfsemi stofnunarinnar.

13. gr.

Aðild Evrópubandalaga þeirra, er stofnuð voru með Parísar- og Rómarsamningunum frá 18. apríl 1951 og 25. marz 1957, að stofnuninni skal skilgreind í viðbótar-samkomulagi I við samning þennan.

Article 10

1. A Secretary-General responsible to the Council shall be appointed by the Council for a term of five years. He shall be assisted by one or more Deputy Secretaries-General or Assistant Secretaries-General appointed by the Council on the recommendation of the Secretary-General.

2. The Secretary-General shall serve as Chairman of the Council meeting at sessions of Permanent Representatives. He shall assist the Council in all appropriate ways and may submit proposals to the Council or to any other body of the Organisation.

Article 11

1. The Secretary-General shall appoint such staff as the Organisation require in accordance with plans of organisation approved by the Council. Staff regulations shall be subject to approval by the Council.

2. Having regard to the international character of the Organisation, the Secretary-General, the Deputy or Assistant Secretaries-General and the staff shall neither seek nor receive instructions from any of the Members or from any Government or authority external to the Organisation.

Article 12

Upon such terms and conditions as the Council may determine, the Organisation may:

a) address communications to non-member States or organisations;

b) establish and maintain relations with non-member States or organisations; and

c) invite non-member Governments or organisations to participate in activities of the Organisation.

Article 13

Representation in the Organisation of the European Communities established by the Treaties of Paris and Rome of 18th April, 1951, and 25th March, 1957, shall be as defined in Supplementary Protocol No. 1 to this Convention.

14. gr.

1. Samningur þessi skal fullgiltur eða staðfestur af ríkjum þeim, sem undir hann hafa ritað, í samræmi við ákvæði stjórnarskrár hvers þeirra um sig.

2. Fullgildingar- eða staðfestingarskjöl skulu afhent stjórn franska lýðveldisins, sem hér eftir nefnist varðveizlu-ríkisstjórnin.

3. Samningur þessi skal taka gildi:

a) fyrir 30. september 1961, ef allir, sem undirritað hafa, hafa lagt fram fullgildingar- eða staðfestingarskjöl; eða

b) hinn 30. september 1961, ef fimmtán eða fleiri þeirra ríkja, sem undirritað hafa, hafa þá lagt fram þau skjöl, er snerta þau ríki; og síðan, að því er snertir hvert annað ríki, er undirritað hefur, þá er fram eru lögð fullgildingar- eða staðfestingarskjöl þess.

c) eftir 30. september 1961, en ekki síðar en tveim árum eftir undirskrift þessa samnings, er 15 samningsaðilar hafa lagt fram skjöl sín; og þar á eftir, að því er varðar aðra aðila, þegar þeir leggja fram fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín.

4. Hvert það ríki, er undirritað hefur samninginn og hefur ekki lagt fram fullgildingarskjöl eða staðfestingarskjöl sín, þegar samningurinn tekur gildi, má taka þátt í starfsemi stofnunarinnar með skilyrðum, sem ákveðin skulu með samkomu-lagi milli stofnunarinnar og þess ríkis.

15. gr.

Þegar samningur þessi tekur gildi, skal endurskipulagning Efnahagssamvinnu-stofnunar Evrópu koma til framkvæmda, og skulu markmið hennar, stofnanir, völd og nafn þá verða svo sem kveðið er á um hér. Sá lagalegi einstaklingur, sem er Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, skal halda áfram í stofnuninni, en ákvarðanir, tillögur og ályktanir Efnahagssamvinnu-stofnunar Evrópu skulu þarfnast samþykktar ráðsins til að vera í gildi eftir gildistöku samnings þessa.

Article 14

92

5. okt.

1. This Convention shall be ratified or accepted by the Signatories in accordance with their respective constitutional requirements.

2. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Government of the French Republic, hereby designated as depositary Government.

3. This Convention shall come into force:

a) before 30th September, 1961, upon the deposit of instruments of ratification or acceptance by all the Signatories; or

b) on 30th September, 1961, if by that date fifteen Signatories or more have deposited such instruments as regards those Signatories; and thereafter as regards any other Signatory upon the deposit of its instrument of ratification or acceptance.

c) after 30th September, 1961, but not later than two years from the signature of this Convention, upon the deposit of such instruments by fifteen Signatories, as regards those Signatories; and thereafter as regards any other Signatory upon the deposit of its instrument of ratification or acceptance.

4. Any Signatory which has not deposited its instrument of ratification or acceptance when the Convention comes into force may take part in the activities of the Organisation upon conditions to be determined by agreement between the Organisation and such Signatory.

Article 15

When this Convention comes into force the reconstitution of the Organisation for European Economic Co-operation shall take effect, and its aims, organs, powers and name shall thereupon be as provided herein. The legal personality possessed by the Organisation for European Economic Co-operation shall continue in the Organisation, but decisions, recommendations and resolutions of the Organisation for European Economic Co-operation shall require approval of the Council to be effective after the coming into force of this Convention.

92

5. okt. 16. gr.
Ráðið má ákveða að bjóða hverri þeirri stjórn, sem er fús til að takast á herðar skyldur þær, er aðild hefur í för með sér, að gerast aðili að samningi þessum. Slíkar ákvarðanir skulu vera einróma, að því tilskildu, að í hverju einstöku tilviki má ráðið einróma ákveða að leyfa, að setið sé hjá, og ef svo er skal ákvörðunin, þrátt fyrir ákvæði 6. greinar, ná til allra félagsríkja. Innganga skal taka gildi, þegar aðildarskjöl hafa verið lögð fram hjá varðveizlu-ríkisstjórn.

17. gr.

Hver aðili getur sagt upp samningi þessum með því að senda varðveizlu-ríkisstjórn uppsögn með tólf mánaða fyrirvara.

18. gr.

Aðalskrifstofur stofnunarinnar skulu vera í París, nema ráðið ákveði annað.

19. gr.

Rétthæfi stofnunarinnar og sérréttindi, undanþágur og forréttindi stofnunarinnar, starfsmanna hennar og fulltrúa aðildarríkja hjá henni skulu vera svo sem kveðið er á um í viðbótarsamkomulagi II við samning þennan.

20. gr.

1. Í samræmi við fjármálaákvæði, sem ráðið setur, skal framkvæmdastjórnin á hverju ári leggja fram til staðfestingar í ráðinu árlega fjárhagsáætlun, reikninga og þær auka-fjárhagsáætlanir, sem ráðið kann að krefjast.

2. Almennum útgjöldum stofnunarinnar, eins og ráðið hefur samþykkt þau, skal deilt niður í samræmi við niðurfjöfnunartöflu, sem ráðið ákveður. Öðrum útgjöldum skal staðið undir með því móti, sem ráðið kann að ákvarða.

21. gr.

Við móttöku fullgildingarskjala, staðfestingarskjala eða aðildarskjala eða úrsagna skal varðveizlu-ríkisstjórn tilkynna

Article 16

The Council may decide to invite any Government prepared to assume the obligations of membership to accede to this Convention. Such decision shall be unanimous, provided that for any particular case the Council may unanimously decide to permit abstention, in which case, notwithstanding the provisions of Article 6, the decision shall be applicable to all the Members. Accession shall take effect upon the deposit of an instrument of accession with the depositary Government.

Article 17

Any Contracting Party may terminate the application of this Convention to itself by giving twelve months' notice to that effect to the depositary Government.

Article 18

The Headquarters of the Organisation shall be in Paris, unless the Council agrees otherwise.

Article 19

The legal capacity of the Organisation and the privileges, exemptions, and immunities of the Organisation, its officials and representatives to it of the Members shall be as provided in Supplementary Protocol No. 2 to this Convention.

Article 20

1. Each year, in accordance with Financial Regulations adopted by the Council, the Secretary-General shall present to the Council for approval an annual budget, accounts, and such subsidiary budgets as the Council shall request.

2. General expenses of the Organisation, as agreed by the Council shall be apportioned in accordance with a scale to be decided upon by the Council. Other expenditure shall be financed on such basis as the Council may decide.

Article 21

Upon the receipt of any instrument of ratification, acceptance or accession, or of any notice of termination, the depositary

það öllum samningsaðiljum og framkvæmdastjóra stofnunarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með þar til gildu umboði, ritað undir samning þennan.

Gjört í París hinn fjórtánda dag desembermánaðar nítján hundruð og sextíu á ensku og frönsku með jafngildum textum í einu eintaki, sem varðveitt skal af varðveizlu-ríkisstjórn, en hún mun senda staðfest afrit af því til allra ríkja, sem undirritað hafa.

VIÐBÓTARSAMKOMULAG I VIÐSAMNING UM EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNINA.

Þau ríki, sem undirritað hafa samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina:

Hafa gert eftirfarandi samkomulag:

1. Aðild Evrópubandalaganna, er stofnuð voru með Parísar- og Rómarsamningunum 18. apríl 1951 og 25. marz 1957, að Efnahags- og framfarastofnuninni skal ákvörðuð í samræmi við stofnskrárákvæði þeirra samninga.

2. Framkvæmdastjórnir Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu ásamt æðsta ráði Kola- og stálsamsteypu Evrópu skulu taka þátt í störfum stofnunarinnar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með þar til gildu umboði, ritað undir viðbótarsamkomulag þetta.

Gjört í París hinn fjórtánda dag desembermánaðar nítján hundruð og sextíu á ensku og frönsku með jafngildum textum í einu eintaki, sem varðveitt skal af

Government shall give notice thereof to **92** all the Contracting Parties and to the **5. okt.** Secretary-General of the Organisation.

In witness whereof, the undersigned Plenipotentiaries, duly empowered, have appended their signatures to this Convention.

Done in Paris, this fourteenth day of December, Nineteen Hundred and Sixty, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited with the depositary Government, by whom certified copies will be communicated to all the Signatories.

SUPPLEMENTARY PROTOCOL No. 1 TO THE CONVENTION ON THE ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT.

The signatories of the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development;

Have agreed as follows:

1. Representation in the Organisation for Economic Co-operation and Development of the European Communities established by the Treaties of Paris and Rome of 18th April, 1951, and 25th March, 1957, shall be determined in accordance with the institutional provisions of those Treaties.

2. The Commissions of the European Economic Community and of the European Atomic Energy Community as well as the High Authority of the European Coal and Steel Community shall take part in the work of that Organisation.

In witness whereof, the undersigned Plenipotentiaries, duly empowered, have appended their signatures to this Protocol.

Done in Paris, this fourteenth day of December, Nineteen Hundred and Sixty, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a

- 92** ríkisstjórn franska lýðveldisins, er mun
5. okt. senda staðfest afrit af því til allra ríkja,
sem undirritað hafa.

single copy which shall be deposited with the Government of the French Republic, by whom certified copies will be communicated to all the Signatories.

VIÐBÓTARSAMKOMULAG II VIÐ SAMNING UM EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNINA.

Þau ríki, sem undirritað hafa Samninginn um Efnahags- og framfarastofnunina (hér eftir kölluð „stofnunin“);

Hafa gert eftirfarandi samkomulag:

Stofnunin skal hafa réttthæfi og stofnunin, starfsmenn hennar og fulltrúar aðildarríkja hjá henni skulu eiga rétt á sérréttindum, undanþágum og forréttindum sem hér segir:

a) á landssvæði samningsaðila að Samningi um efnahagssamvinnu Evrópu frá 16. apríl 1948 það réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem kveðið er á um í Viðbótarsamkomulagi I við þann samning;

b) Í Kanada það réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem gert er ráð fyrir í hverjum þeim samningi um réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem gerður verður milli ríkisstjórnar Kanada og stofnunarinnar;

c) Í Bandaríkjunum það réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem gert er ráð fyrir í tilskipun forsetans Nr. 10133 frá 27. júní 1950 samkvæmt lögum um forréttindi alþjóðlegra stofnana; og

d) annars staðar það réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem gert er ráð fyrir í hverjum þeim samningi eða fyrirkomulagi um réttthæfi, sérréttindi, undanþágur og forréttindi, sem gerður verður milli viðkomandi ríkisstjórnar og stofnunarinnar.

SUPPLEMENTARY PROTOCOL No. 2 TO THE CONVENTION ON THE ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT

The signatories of the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „Organisation“);

Have agreed as follows:

The Organisation shall have legal capacity and the Organisation, its officials, and representatives to it of the Members shall be entitled to privileges, exemptions, and immunities as follows:

a) in the territory of the Contracting Parties to the Convention for European Economic Co-operation of 16th April, 1948, the legal capacity, privileges, exemptions, and immunities provided for in Supplementary Protocol No. 1 to that Convention;

b) in Canada, the legal capacity privileges, exemptions, and immunities provided for in any agreement or arrangement on legal capacity, privileges, exemptions, and immunities entered into between the Government of Canada and the Organisation;

c) in the United States, the legal capacity, privileges, exemptions, and immunities under the International Organisations Immunities Act provided for in Executive Order No. 10133 of 27th June, 1950; and

d) elsewhere, the legal capacity, privileges, exemptions, and immunities provided for in any agreement or arrangement on legal capacity, privileges, exemptions, and immunities entered into between the Government concerned and the Organisation.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með þar til gildu umboði, ritað undir viðbótarsamkomulag þetta.

Gjört í Paris hinn fjórtánda dag desembermánaðar nítján hundruð og sextíu á ensku og frönsku með jafngildum textum og í einu eintaki, sem varðveitt skal af ríkisstjórn franska lýðveldisins, er mun senda staðfest afrit af því til allra ríkja, sem undirritað hafa.

**SAMKOMULAG UM ENDURSKOÐUN
SAMNINGS UM EFNAHAGSSAMVINNU
EVRÓPU FRÁ 16. APRÍL 1948.**

Ríkisstjórnir lýðveldisins Austurríkis, konungsríkisins Belgíu, konungsríkisins Danmerkur, franska lýðveldisins, Sambandslýðveldisins Þýskalands, konungsríkisins Grikklands, lýðveldisins Íslands, Írlands, ítalska lýðveldisins, stórhertogaðemisins Lúxemborgar, konungsríkisins Hollands, konungsríkisins Noregs, portúgalska lýðveldisins, Spánar, konungsríkisins Svíþjóðar, svissneska sambandsins, tyrkneska lýðveldisins, hins sameinada konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, sem eru aðilar að Samningi um efnahagssamvinnu Evrópu frá 16. apríl 1948 (er hér á eftir kallast „samningurinn“) og aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu;

Óska eftir, að markmið, stofnanir og völd stofnunarinnar verði skilgreind að nýju og ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkja Norður-Ameríku verði aðilar að þeirri stofnun þannig endurskipulagðri; og

Hafa gert eftirfarandi samkomulag:

1. gr.

Samningurinn skal endurskoðaður og skal þar af leiðandi koma í hans stað Samningurinn um Efnahags- og framfarastofnunina, er undirrita skal á þessum degi.

In witness whereof, the undersigned **92** Plenipotentiaries, duly empowered, have **5. okt.** appended their signatures to this Protocol.

Done in Paris, this fourteenth day of December, Nineteen Hundred and Sixty, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited with the Government of the French Republic, by whom certified copies will be communicated to all the Signatories.

**PROTOCOL ON THE REVISION OF
THE CONVENTION FOR EUROPEAN
ECONOMIC CO-OPERATION OF
16th APRIL, 1948.**

The Governments of the Republic of Austria, the Kingdom of Belgium, the Kingdom of Denmark, the French Republic, the Federal Republic of Germany, the Kingdom of Greece, the Republic of Iceland, Ireland, the Italian Republic, the Grand Duchy of Luxembourg, the Kingdom of the Netherlands, the Kingdom of Norway, the Portuguese Republic, Spain, the Kingdom of Sweden, the Swiss Confederation, the Turkish Republic, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland being the Contracting Parties to the Convention for European Economic Co-operation of 16th April, 1948 (hereinafter called the „Convention“) and the Members of the Organisation for European Economic Co-operation;

Desirous that the aims, organs, and powers of the Organisation be redefined and that the Governments of Canada and the United States of America be Members of that Organisation as re-constituted;

Have agreed as follows:

Article 1

The Convention shall be revised and as a consequence thereof it shall be replaced by the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development to be signed on today's date.

92

2. gr.

5. okt. 1. Þetta samkomulag skal taka gildi, þegar Samningurinn um Efnahags- og framfarastofnunina tekur gildi.

2. Samningurinn skal falla úr gildi að því er varðar þau ríki, sem undirrita samkomulag þetta, þegar Samningurinn um Efnahags- og framfarastofnunina tekur gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, með þar til gildu umboði, ritað undir samkomulag þetta.

Gjört í París hinn fjórtánda dag desembermánaðar nítján hundruð og sextíu á ensku og frönsku með jafngildum textum í einu eintaki, sem varðveitt skal af ríkisstjórn franska lýðveldisins, er mun senda staðfest afrit af því til allra ríkja, sem undirritað hafa.

BÓKUN UM SKILNING Á BEITINGU 15. GREINAR SAMNINGSINS UM EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNINA.

Í 15. grein Samningsins um efnahags- og framfarastofnunina (hér eftir kallaður „samningurinn“) er gert ráð fyrir, að ákvarðanir, tillögur og ályktanir (hér eftir kallaðar „aðgerðir“) Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu skuli þarfnast samþykktar ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar (hér eftir kallað „ráðið“) til þess að gilda eftir gildistöku samningsins.

Samkvæmt ályktun, er samþykkt var á ráðherrafundinum 22.—23. júlí 1960, hefur undirbúningsnefnd verið sett á lagginar og henni falið að halda áfram endurskoðun á aðgerðum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu með það fyrir augum að skera úr um, hvaða aðgerðir skuli mælt með, að ráðið samþykki, og

Article 2

1. This Protocol shall come into force when the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development comes into force.

2. The Convention shall cease to have effect as regards any Signatory of this Protocol when the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development comes into force.

In witness whereof, the undersigned Plenipotentiaries, duly empowered, have appended their signatures to this Protocol.

Done in Paris, this fourteenth day of December, Nineteen Hundred and Sixty, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited with the Government of the French Republic, by whom certified copies will be communicated to all the Signatories.

MEMORANDUM OF UNDERSTANDING ON THE APPLICATION OF ARTICLE 15 OF THE CONVENTION ON THE ORGANISATION FOR ECONOMIC CO-OPERATION AND DEVELOPMENT.

Article 15 of the Convention on the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „Convention“) provides that decisions, recommendations and resolutions (hereinafter called „acts“) of the Organisation for European Economic Co-operation shall require approval of the Council of the Organisation for Economic Co-operation and Development (hereinafter called the „Council“) to be effective after the coming into force of the Convention.

Pursuant to a Resolution adopted at the Ministerial Meeting of 22nd-23rd July, 1960, a Preparatory Committee has been established and instructed to carry further the review of the acts of the Organisation for European Economic Co-operation, to determine which acts should be recommended to the Council

mæla með breytingum, sem gera þarf til að laga þessar aðgerðir að starfsemi Efnahags- og framfarastofnunarinnar, þar sem þess gerist þörf.

Á fyrrgreindum ráðherrafundi var samþykkt, að mesta mögulega vissu bæri að öðlast, að því er varðaði samþykkt ráðsins á aðgerðum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu samkvæmt tillögum undirbúningsnefndarinnar; það var einnig samþykkt, að Kanada og Bandaríkin skyldu hafa nokkuð frjálsar hendur að því er varðaði fyrrnefndar tillögur, þar eð þau hefðu ekki verið aðilar að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu.

Því hafa aðilar að samningnum gert eftirfarandi samþykkt:

1. Fulltrúar samningsaðila í ráðinu skulu greiða atkvæði um samþykkt á aðgerðum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu samkvæmt tillögum undirbúningsnefndarinnar, nema öðru vísi sé kveðið á hér á eftir.

2. Hver sá samningsaðili, er ekki hefur verið aðili að Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, skal leystur frá skyldu þeirri, er kveðið er á um í 1. málsgrein, að því er varðar hverja tillögu eða tillöguhluta undirbúningsnefndar, sem hann tilgreinir í tilkynningu til undirbúningsnefndarinnar ekki síðar en tíu dögum eftir að lögð eru fram fullgildingar- eða staðfestingarskjöl hans á samningnum.

3. Ef einhver samningsaðili sendir tilkynningu samkvæmt 2. málsgrein, skal hvaða annar samningsaðili sem er, er telur slíka tilkynningu að verulegu leyti breyta ástandinu, að því er varðar tillögu þá eða tillöguhluta, sem um er að ræða, hafa rétt til að fara þess á leit, innan fjórtán daga frá slíkri tilkynningu, að undirbúningsnefndin taki slíka tillögu eða tillöguhluta aftur til athugunar.

4. a) Ef samningsaðili sendir tilkynningu samkvæmt 2. málsgrein, en engin beiðni kemur fram samkvæmt 3. málsgrein, eða ef slík beiðni hefur verið gerð,

for approval, and to recommend, where necessary, the modifications required in order to adjust these acts to the functions of the Organisation for Economic Co-operation and Development. 92 5. okt.

At the said Ministerial Meeting it was agreed that there should be the maximum possible degree of certainty as regards approval by the Council of acts of the Organisation for European Economic Co-operation in accordance with the recommendations of the Preparatory Committee; it was also agreed that Canada and the United States, not being Members of the Organisation for European Economic Co-operation, should have a certain latitude with respect to the said recommendations.

Therefore the Signatories of the Convention have agreed as follows:

1. The representatives of the Signatories on the Council shall vote for approval of acts of the Organisation for European Economic Co-operation in accordance with the recommendations of the Preparatory Committee, except as otherwise provided hereinafter.

2. Any Signatory which has not been a Member of the Organisation for European Economic Co-operation shall be released from the commitment set out in paragraph 1 with respect to any recommendation or part thereof of the Preparatory Committee which it specifies in a notice to the Preparatory Committee no later than ten days after the deposit of its instrument of ratification or acceptance of the Convention.

3. If any Signatory gives notice pursuant to paragraph 2, any other Signatory, if in its view such notice changes the situation in regard to the recommendation or part thereof in question in an important respect, shall have the right to request, within fourteen days of such notice, that the Preparatory Committee reconsider such recommendation or part thereof.

4. a) If a Signatory gives notice pursuant to paragraph 2 and no request is made pursuant to paragraph 3, or, if such request having been made, the

92 en endurtekin athugun undirbúnings-
5. okt. nefndarinnar leiðir ekki til neinnar breyt-
ingar á tillögunni eða tillöguhlutanum,
sem um ræðir, skal ráðsfulltrúi þess aðila,
sem tilkynningu hefur sent, sitja hjá við
atkvæðagreiðslu um aðgerðina eða hluta
af henni, sem tillagan eða tillöguhlutinn
á við.

b) Ef endurskoðun undirbúnings-
nefndar, sem ráð er fyrir gert í 3. máls-
grein, leiðir til breyttrar tillögu eða til-
löguhluta, má ráðsfulltrúi þess aðila, sem
tilkynningu hefur gefið, sitja hjá við at-
kvæðagreiðslu um aðgerðina eða hluta
af henni, sem hin breytta tillaga eða til-
löguhluti á við.

c) Sitji samningsaðili, samkvæmt
málsliðnum (a) eða (b) í þessari máls-
grein, hjá við atkvæðagreiðslu um ein-
hverja aðgerð eða hluta af henni, skal
það ekki ógilda samþykkt þeirrar aðgerð-
ar eða hluta af henni, heldur skal hún
ná til hinna aðilanna, en ekki þess, er
hjá sat.

5. Ákvæði þessarar bókunar viðvikj-
andi ráðstöfunum, er gera skal, áður en
atkvæði eru greidd í ráðinu, skulu taka
gildi við undirskrift hennar; ákvæðin, er
snerta atkvæðagreiðslu í ráðinu, skulu
taka gildi gagnvart hverjum samnings-
aðila um leið og samningurinn tekur
gildi gagnvart þeim aðila.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir
ritað undir þessa orðsendingu.

Gjört í París hinn fjórtánda dag des-
embermánaðar nítján hundruð og sextíu
á ensku og frönsku með jafngildum text-
um í einu eintaki, sem varðveitt skal af
ríkisstjórn franska lýðveldisins, er mun
senda staðfest afrit af henni til allra ríkja,
sem undirritað hafa.

reconsideration by the Preparatory Com-
mittee does not result in any modifica-
tion of the recommendation or part
thereof in question, the representative on
the Council of the Signatory which has
given notice shall abstain from voting
on the act or part thereof to which the
recommendation or part thereof in ques-
tion pertains.

b) If the reconsideration by the
Preparatory Committee provided for in
paragraph 3 results in a modified recom-
mendation or part thereof, the represent-
ative on the Council of the Signatory
which has given notice may abstain from
voting on the act or part thereof to which
the modified recommendation or part
thereof pertains.

c) Abstention by a Signatory pursuant
to sub-paragraph (a) or (b) of this para-
graph with respect to any act or part
thereof shall not invalidate the approval
of that act or part which shall be appli-
cable to the other Signatories but not to
the abstaining Signatory.

5. The provisions of this Memor-
andum relating to actions to be taken
before the voting in the Council shall
come into force upon its signature; the
provisions relating to the voting in the
Council shall come into force for each
Signatory upon the coming into force of
the Convention as regards that Signatory.

In witness whereof, the undersigned
have appended their signatures to this
Memorandum.

Done in Paris, this fourteenth day of
December, Nineteen Hundred and Sixty,
in the English and French languages,
both texts being equally authentic, in a
single copy which shall be deposited with
the Government of the French Republic,
by whom certified copies will be com-
municated to all the Signatories.